

**Fjallskilaumdæmi ABHS - 21. fundur
haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, föstudaginn 30. ágúst 2024
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Þorsteinn Viggósson, Pétur Davíðsson, Baldvin Björnsson og Sóley Birna Baldursdóttir.

Fundargerð ritaði: Sóley Birna Baldursdóttir deildarstjóri umhverfis- og landbúnaðarmála

Jón Arnar Sverrisson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Beiðni um flýtingu á Oddstaðarétt og leitum henni tengd árið 2024 - 2408047

Lagt fram erindi dagsett 29. ágúst 2024 þar sem sveitarstjórn Borgarbyggðar óskar eftir því að flýta fyrri leit um eina viku haustið 2024.

Þá verði fyrri leit þriðjudaginn 10. september og fyrri Oddstaðarétt verði miðvikudaginn 11. september.

Ástæður beiðninnar eru einkum þær að fjárhagslega getur verið mun hagstæðara fyrir bændur að fá fé sitt fyrr heim þar sem töluverður munur er á álagsgreiðslum milli vikna í september. Einnig telja bændur allar líkur á því að gróður verði farinn að falla á þeim tíma sem réttir eru samkvæmt skipulagi og þar af leiðandi hætta á stöðnun í vexti lamba. Allir bændur sem ráku fé á afrétt eru einhuga um að færa smalamennskur um viku auk þess sem enginn aðili sem þarf að leggja til mannskap í leitir setur sig á móti breytingunum. Seinni leitir og réttir haldist óbreyttar.

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupsstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradals samþykkir þessa sérstöku breytingar á tímasetningum leita og rétta samkvæmt heimild í k.lið 15.gr. fjallskilasamþykktar nr. 683/2015 ásamt breytingum.

Stjórnin bendir á bókun 20. fundar stjórnarinnar að síðasti dagur til að skila inn óskum um breytinga á réttardögum haustið 2024 verði 1. júní 2024.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

21. fundur fjallskilaumdæmis ABHS
30.08.2024

Pétur Davíðsson

Baldvin Björnsson

Sóley Birna Baldursdóttir

